



2. október 2023

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 183. mál á 154. löggjafarþingi**

*Skipulagslög (hagkvæmar íbúðir)*

Með ofangreindu frumvarpi er ætlunin að veita sveitarfélögum heimild til að gera kröfu um að allt að 25% af byggingarmagni samkvæmt nýju deiliskipulagi fyrir tilgreint svæði skuli vera fyrir hagkvæmar íbúðir, hvort sem eigandi lands er sveitarfélag, ríki eða einkaaðili. Að undangenginni birtingu draga að frumvarpinu í samráðsgátt hefur hugtakið hagkvæmar íbúðir verið skilgreint nánar þannig að það eigi við um almennar íbúðir samkvæmt samnefndum lögum nr. 52/2016, íbúðir sem falla undir VI. kafla A laga um húsnæðismál nr. 44/1998 (hlutdeildarlán) og VIII. kafla síðarnefndu laganna þ.e. leiguíbúðir sem verði í eigu sveitarfélaga eða óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga og félagasamtaka.

Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi því að sveitarfélögum verði veitt heimild sem þessi. Aftur á móti vaknar sú spurning hver sé tilgangurinn með því að setja hámarkið 25% á hlutfall slíkra íbúða á tilgreindum svæðum? Af hverju ættu sveitarfélög ekki að hafa heimild til að hafa þetta hlutfall hærra, til dæmis ef mikill skortur er á slíku húsnæði? Sveitarfélögunum hlýtur að vera einna best treystandi til að veita slíkt og meta sjálf eftir aðstæðum hvers þeirra fyrir sig. Að minnsta kosti hlýtur að þurfa að færa rök fyrir þessu tiltekna hámarki en þau er þó ekki að finna í greinargerð með frumvarpinu. Þar er aðeins vísað til danskrar fyrirmyndar en ekki gerð grein fyrir því að hvaða leyti hún geti átt við um þær aðstæður hér á landi sem frumvarpinu er ætlað að koma til móts við.

Hagsmunasamtök heimilanna minna á að samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum er það beinlínis skylda íslenskra stjórnvalda að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja íbúum landsins nægilegt framboð á viðunandi húsnæði.<sup>1</sup> Vegna hins mikla skorts sem nú er á íbúðarhúsnæði hvetja samtökin því til þess að allar aðgerðir í þessu skyni verði settar í algjöran forgang.

- 0 -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is

<sup>1</sup> Sbr. 16. gr. félagsmálasáttmála Evrópu, 11. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.